

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1678
komudagur 2.4.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. apríl 2012

Varðandi: Frv. til laga um um breytingu á landflutningalögum, nr. 40/2010, 303. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn samþykkt ofangreinds frumvarps.

Í greinargerð frumvarpsins segir að markmiðið sé að gera strandsiglingar að aðlaðandi kosti í innanlandsflutningum. Það skýtur því skökku við að frumvarpið felur eingöngu í sér breytingar á verðlagningu á þjónustu fyrirtækja í landflutningum, með tilheyrandi hækkun flutningskostnaðar, og þar með kostnaði fyrirtækja og íbúa á landsbyggðinni. Sem rökstuðning fyrir þessu er byggt á svari innanríkisráðherra við fyrirspurn um umferðarslys og vöruflutninga og hins vegar skýrslunni Mat á hagkvæmni strandsiglinga á Íslandi sem unnin var fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Hvorki í lögum nr. 40/2010 né frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu heildarfrakt/framhaldsfrakt og því skortir frumvarpið skýrleika hvað þetta varðar. Þá er ekki útskýrt á hvaða forsendum eðlilegt sé að banna að veitingu afsláttar vegna slíkra flutninga. Telja verður líklegast að viðskiptavinurinn sé að kaupa þjónustu sem felur í sér að koma vörunni á áfangastað burt séð frá því hvort til þess er notaður einn eða fleiri bílar.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson